


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>SKY101</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2012</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Anna Sigrún Rafnsdóttir	<b>Sk.st.</b>	
----------------	-------------------------	---------------	--

### Áfangalýsing:

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bókleg og verkleg. Farið er í helstu blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálp við bruna. Helstu höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta og vöðvaáverka. Kennt er að spelka útlími með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað.


### Markmið:

Að nemandi öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum þar til hjálpar fagfólks tekur við.

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- þekkja þá hugmyndafræði sem skyndihjálpar byggir á
- þekkja og geta framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- geta brugðist rétt við dauðadái
- þekkja og geta beitt hjartahnoði þegar það á við
- þekkja og geta beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- þekkja og geta metið helstu tegundir sára
- þekkja aðferðir til að meta brunasár og kunna að bregðast við bruna
- þekkja helstu höfuð, háls, og hryggáverka og geta veitt skyndihjálpar við slíkum áverkum
- þekkja helstu brjóst, kvið, og mjaðmaáverka og geta brugðist við þeim
- þekkja helstu beina, liðamóta, og vöðvaáverka og geta veitt skyndihjálpar við slíkum áverkum
- kunna að spelka brot/tognanir
- geta veitt skyndihjálpar við bráðum sjúkdómum
- þekkja helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geta veitt viðeigandi skyndihjálpar við slíkum áverkum.

Tegund	•Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	•Skyndihjálpar og endurlífgun : Þú getur hjálpað þegar á reynir /Reykjavík: Rauði kross Íslands, 2007.
Myndbönd	•Efni tengt einstökum köflum
Verklegar æfingar	•Verklegar æfingar tengt einstökum köflum

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>SKY101</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2012</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)
<b>1 dagur</b>	Kynning + kennsluáætlun
<b>1 dagur</b>	Kynning á starfsemi Rauða Kross. Inngangur. Aðgerðir á vettvangi. Skoðun og mat
<b>1 dagur</b>	Endurlífgun – bókleg
<b>2 dagur</b>	Endurlífgun verkleg
<b>2 dagur</b>	Blæðing og lost, Sár-umbúðir og sárabindi. Sýna blóð á gangstétt.
<b>2 dagur</b>	Brunasár
<b>2 dagur</b>	Höfuð háls og hryggáverkar. Brjóst-,kvið- og mjaðmagrindaráverkar – bóklegt og verklegt
<b>3 dagur</b>	Beina-,liðamóta og vöðvaáverkar. Spelkun útlíma
<b>3 dagur</b>	Bráðir sjúkdómar. Eitranir. Bit og stungur.
<b>3 dagur</b>	Kal og ofkæling, út í nokkrar mín.
<b>3 dagur</b>	Háski af völdum hita
<b>3 dagur</b>	Björgun og flutningur
<b>3 dagur</b>	Próf

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Krossaspurningar	
	Nemandi þarf að ná einkunninni 5 til að ná áfanganum og mæta 100% í allar kennslustundirnar. Nemandi sem nær einkunninni 7 eða hærri getur sótt um skírteini til Rauða krossins og þurfa nemendur sjálfir að nálgast þessi skírteini. Leiðbeinendur sjá um að koma upplýsingum um nemendur til Rauða kross Íslands.	

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils